

## Úrgangur frá verkstöðum PG Verks árið 2021.

Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs árið 2021 og samanburður við árið 2020.

### 1. Úrgangur eftir verkstöðum: Magn, flokkunar- og endurnýtingarhlutfall.

Verkstaður	2020			2021		
	Tonn	Flokkað	Endurnýtt	Tonn	Flokkað	Endurnýtt
Sólheimasandur				12	100%	100%
Alþingi				102	91%	89%
Austurbakki (Landsbankinn)	381	81%	75%	436	91%	87%
Skútahraun (Lager)	37	86%	74%	48	88%	87%
Sunnusmári				24	88%	88%
Stekkjaskóli				18	85%	85%
Urðarhvarf	56	72%	27%	39	76%	25%
Landsímareitur	514	66%	54%	198	75%	61%
Vogabyggð	280	70%	66%	392	75%	68%
Maríugata	32	79%	73%	134	57%	51%
<b>Samtals og vegin hlutföll</b>	<b>1448</b>	<b>69%</b>	<b>59%</b>	<b>1408</b>	<b>80%</b>	<b>73%</b>

Flokkunarhlutfall hækkar úr **69% 2020 í 80% 2021**.

Endurnýtingarhlutfall úrgangs hækkar úr **59% 2020 í 73% 2021**.



Annað árið í röð náðist mikill árangur varðandi flokkun og hækkað endurnýtingarhlutfall. Þar sem endurnýtingarhlutfallið hækkar meira (14%) en flokkunarhlutfallið (11%) má greina að við í flokkuninni erum við einnig að ná meira inn í betri (endurnýtta) flokka sem er jákvætt.



### 2. Þróun flokkunar og endurnýtingarhlutfalls 2020 og 2021.

Gröfin að neðan sýna þróun flokkunarhlutfalls og endurnýtingarhlutfalls árin 2021 og 2020.

Árangurinn náði hámarki fyrri hluta árs 2021 eftir að hafa tekið stökk uppávið um mitt ár 2020. Það er örllítill eftirgjöf í flokkuninni seinni hluta ársins 2021 sem er áminning um að vera stöðugt á tánum.



### 3. Magn úrgangs eftir flokkum, endurnýtingarhlutfall og kostnaður.

Úrgangslýsing	CO <sub>2</sub> /Kg	2020 Allt árið					2021 Allt árið					Ein.verð 21/20
		2020 Heild. Magn í Kg	Hlutfall endurn.	kr/kg	Kostn. án fl.kostn.	Hlf.	2021 Heild Magn í Kg	Hlutfall endurn.	kr/kg	Kostn. án fl.kostn.	Hlf.	
Hreint timbur	0,0214	396.250	100%	5,5	2.179.375 kr	11%	481.972	100%	14,4	6.962.568 kr	30%	163%
Steinefni	0,0013	293.100	100%	1,86	545.166 kr	3%	337.400	100%	6,8	2.301.068 kr	10%	267%
Járn	0,0214	162.140	100%	0	- kr	0%	196.070	100%	0	- kr	0%	
Gifs	0,0719	92.750	0%	18,1	1.682.485 kr	9%	36.160	0%	6,8	246.611 kr	1%	-62%
Málað/plasth. timbur	0,8281	37.950	0%	19,5	739.646 kr	4%	14.650	0%	20,8	304.281 kr	1%	7%
Pappír og bylgjupappi	0,0200	3.780	100%	0	- kr	0%	9.670	100%	0	- kr	0%	
Plast	0,0200		100%		- kr	0%	2.170	100%	63,7	138.146 kr	1%	
Grófur úrgangur	0,5865	17.700	0%	35,1	620.739 kr	3%	51.220	0%	37,3	1.909.830 kr	8%	6%
Lífrænn úrgangur							360	100%	25,2	9.062 kr	0%	
Spilliefni (rafhl o.fl.)							1.283	16%	0,0	- kr	0%	
<b>Flokkað</b>		<b>1.003.670</b>			<b>5.767.411 kr</b>	<b>29%</b>	<b>1.130.955</b>			<b>11.871.565 kr</b>	<b>51%</b>	
Óflokkaður úrgangur	0,0013	234.790	0%	35,8	8.398.438 kr	43%	69.590	0%	51,1	3.555.214 kr	15%	43%
Almennur heimilisúrg.	0,5865	217.560	0%	25,1	5.452.054 kr	28%	207.230	0%	37,3	7.726.944 kr	33%	49%
<b>Óflokkað</b>		<b>452.350</b>			<b>13.850.492 kr</b>	<b>71%</b>	<b>276.820</b>			<b>11.282.157 kr</b>	<b>49%</b>	
<b>Samtals</b>		<b>1.456.020</b>			<b>19.617.902 kr</b>	<b>100%</b>	<b>1.407.775</b>			<b>23.153.722 kr</b>	<b>100%</b>	
				Meðalkostn per kg	<b>13,5 kr</b>				Meðalkostn per kg	<b>16,4 kr</b>		
				Breyting frá 2019	-26%				Breyting frá 2020	22%		

#### Skoðum aðeins dálkana og greinum þá.

**CO<sub>2</sub>/kg:** Almennur heimilisúrgangur (frá vinnubúðum) og Grófur úrgangur veldur mestri kolefnislosun ásamt Máluðu/plasthúðu timbri en þessir flokkar eru ekki endurnýttir.

**Magn 2021 m.v. 2020:** Með aukinni og bættri flokkun er Óflokkaður úrgangur að minnka verulega. Einnig minnkar Almennur heimilisúrgangur frá vinnubúðum lítillega.

Aðrir flokkar sem ekki eru endurnýttir minnka einnig, Málað timbur og Gifs. Gifsíð minnkar væntanlega að mestu vegna breyttrar efnisnotkunar í milliveggjum þar sem gifsteinar/frauðsteypa, sem flokkast sem steinefni, eru notaðir í stað gifsplatna.

Flokkarnir Hreint timbur, Steinefni og Járn bera uppi 72% af úrgangi.


**Kostnaður:** Mjög misdýrt er að farga úrgangi eftir flokkum. Óflokkuðum úrgangi, Almennum heimilisúrgangi og Plasti er dýrast að farga og þótt þessi flokkar séu einungis 20% af heildarúrgangi þá valda þeir 50% af kostnaði við förgun.

(Ath. að kostnaðartölur eru einungis kostnaður vegna förgunar úrgangs. Gámaleiga og flutningur úrgangs er ekki inn í þessum tölum.)

#### 4. Verðbreytingar í byrjun árs 2021 og endurnýting á hreinu timbri.

Bætt flokkun úrgangs leiðir almennt af sér lægri meðalkostnað per kg. úrgangs. Meðalkostnaður förgunar á hverju kg. úrgangs er þó 22% hærra árið 2021 heldur en það var á árinu 2020. Ástæður þess eru miklar hækkanir sem urðu á gjöldum hjá Sorpu í byrjun árs 2021. Sjá má hlutfallslegar hækkanir á einingarverðum í dálkinum lengst til hægri í töflunni. T.d. var hækkan upp á 163% á hreinu timbri og 267% á steinefnum sem eru stærsu flokkarnir hjá okkur. Bætt flokkun mildar þó þessar miklu verðhækkanir m.t.t. heildarkostnaðar við förgun.

Hreint timbur ber uppi 30% af förgunarkostnaði. Við höfum verið að fikra okkur í að koma þessum úrgangi til Furu en þeir taka gjaldfrjálst á móti hreinu timbri. 2021 fór 10% þessu timbri hjá okkur til Furu. Vonandi sjáum við aukningu á því á árinu 2022.



Bergur Helgason Gæða- og öryggisstjóri (og sérstakur áhugamaður um flokkun úrgangs 😊)